



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um launauka fyrir mönnun

Á fundi borgarráðs þann 20. janúar 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um launauka fyrir mönnun:

Í upphafi þessa árs stóð til að greiða starfsfólki leikskóla 75.000 króna launauka ef það fengi vin eða ættingja til starfa á leikskóla í 3 mánuði eða lengur. Hefur borgin eða svið borgarinnar áður stuðst við slíkt kerfi til að leitast við að fá starfsfólk til starfa? Hefur stjórnendum og/eða yfirmönnum staðið til boða slíkur launauki eða sambærilegur? Eða er þetta í fyrsta skipti sem slík hugmynd kemur fram innan borgarinnar?

Svar:

Reykjavíkurborg hefur hvorki greitt starfsfólki né stjórnendum launauka ef það hefur fengið fólk til starfa. Eftir því sem mannauðs- og starfsumhverfissvið hefur upplýsingar um var þetta í fyrsta sinn sem slík hugmynd hefur verið sett fram innan borgarinnar.

Virðingarfyllst,
Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri
Mannauðs- og starfsumhverfissvið